

Skinney-Þinganes hf og AFL Starfsgreinafélags

gera með sér eftirfarandi samkomulag

um uppsjávarveiðar skipanna Ásgríms Halldórssonar SF-250 og Jónu Eðvalds SF-200

Samkomulag er um að skipta aflaverðmætum skipanna á uppsjávarveiðum til jafns óháð úthaldi þeirra. Þannig verði aflaverðmæti skipanna jafnt við lok hvernar vertíðar og um leið skiptahlutur hvorrar áhafnar um sig.

Fyrirkomulag veiða verður með þeim hætti að skipstjórar skipanna vinna saman og setja í skipin í samstarfi við vinnslu og útgerð í landi.

Samkomulagið byggir á að skipstjórnarmenn vinni saman með það í huga að nýta skipakost og vinnslu sem best og hámarka verðmæti afla.

Það er ljóst ef langt er að fara, brætur hamla veiðum eða veiði er treg að það getur myndast biðtími hjá skipunum á miðunum þá geta skipin veitt samtímis og dælt afla í annað skipið.


Ef annað skipið verður órekstarhæft á vertíðinni og fyrirséð að tafir frá veiðum verði miklar verður samkomulaginu slitið. Samkomulag þetta gildir frá undirritun og fellur úr gildi ef annar aðilinn segir því upp.

Samkomulag þetta gildir á sumarvertíð 2021

Gagnkvæmur uppsagnarfrestur eru 7 dagar.

Hornafirði 18.06.2021

F.h. Skinneyjar – Þinganes hf



F.h. Afls Starfsgreinafélags m fyrirvara um samþ. félagsm.

